

KAUPLIÐBEININGAR

IKEA PS

Svefnsófar

HÖNNUN

Chris Martin og
Thomas Sandell

EININGAR

Svefnsófi




Laust áklæði



Úrval áklæða



Áklæði má þvo



Skynsamlegt fyrir syfjaða

Sniðug hönnun IKEA PS svefnsófans veldur því að mjög auðvelt er að breyta sófanum í rúm; þú getur gert það með annarri hendi á met tíma. Þú togar bara í annan endann og úr verður tvíbreitt rúm. Einstaklega hentugt þegar þig syfjar skyndilega. Þú getur valið milli tveggja mismunandi dýna og úr nokkrum áklæðum sem má taka af og þvo. Þannig getur þú búið til þinn eigin svefnsófa sem þig hefur alltaf dreymt um.

Mjúk eða stíf?

Þegar þú kaupir IKEA PS getur þú valið milli tveggja mismunandi dýna. Dýnurnar heita LÖVÅS og MURBO og hvor þeirra hefur sín einkenni. Prófaðu þig áfram og finndu dýnuna sem hentar þér betur.

Vörur geta verið tímabundið ófánlegar í versluninni.




Vinsamlega hafðu samband við starfsfólk í verslun eða kíktu á IKEA.is til að fá frekari upplýsingar.

Til að fá ítarlegri upplýsingar um vörurnar er hægt að skoða verðmiðann á vörunni eða vefinn.

Allar einingarnar þarf að setja saman.




SVONA BREYTIR ÞÚ IKEA PS



Það er auðvelt að breyta IKEA PS sófanum í rúm og til baka. Þú togar bara í annan endann þangað til yfirborðið er slétt ef þú vilt breyta honum í rúm. Breyttu honum þannig í tvíbreitt rúm sem er 160x205 cm að stærð. Fljótlegt og þægilegt fyrir


syfjaða gesti eða þreytta gestgjafa. Það á að vera einfalt að fá næturgesti! Til þess að breyta rúminu aftur í sófa, ýttu þá á það þangað til hjólin lyftast örliðið frá gólfinu.

DÝNUR



LÖVÁS



Stíf en jafnframt sveigjanleg dýna úr pólyúretansvampi sem veitir líkamanum stuðning og þægindi. Dýnan er 10 cm þykk og áklæðið má taka af og þurrhreinsa.



MURBO

Efra lagið úr eftirgefanlegum svampi lagar sig að líkamanum þannig að hryggurinn helst beinn og þú nærð að slaka betur á. Svampurinn gerir dýnuna líka mjög endingargóða. Neðra lagið er úr pólyúretansvampi. Dýnan er 10 cm þykk og áklæðið má taka af og þvo í þvottavél.

ALLAR EININGAR

			
	Svefnsófi	Svefnsófi	Aukaáklæði
Breidd x Dýpt x Hæð í cm.	163x111x86	163x111x86 cm	
Stærð rúms:	cm með LÖVÁS dýnu 160x205	með MURBO dýnu 160x205	
Með dýnu og áklæði			
RUTE svart/hvít	398.743.88*	998.744.70*	001.847.92
VANSTA svart	998.743.90*	198.744.50*	101.848.00
VANSTA rautt	598.743.87*	298.744.59*	201.848.14

Dýnur	
IKEA PS LÖVÁS	101.026.49
IKEA PS MURBO	301.026.48

* Samsetningarnúmer. Nánari upplýsingar fást í versluninni.

Efnin okkar hafa verið prófuð

Við hjá IKEA prófum efnin sem við notum í áklæðin á sófana og hægindastólana okkar til að vera viss um að þau endist vel. Við prófum þol efnisins fyrir eyðingu með því að láta vél nudda því við annað efni með afli. Efni sem þolir 15.000 umferðir er hentugt á húsgögn sem þurfa að þola daglega notkun – og ef það þolir meira en 30.000 umferðir, er það mjög endingargott. Öll efni eru viðkvæm fyrir sólarljósi, og þess vegna prófum við líka hversu vel efnin okkar þola við áður en þau upplitast.

Endingargóð á mismunandi hátt

Strangar prófanir eru nauðsynlegar til að athuga hversu vel efnin endast, en þær segja ekki alla söguna. Endingin fer líka eftir því úr hverju efnið er unnið, vefnaðinum og hvernig það er notað. Þungt, slétt, þéttofið efni þolir meira. Efni sem eru úr blöndu af náttúrulegum og gerviefnum þola meira en efni sem eru einungis úr náttúrulegum trefjum. Þráðlitað efni þolir meira en áprentað efni. Óhreint efni eyðist meira en hreint. Auðvitað skiptir líka máli hvernig sófinn er notaður.

	Þvottaleiðbeiningar	Nuddpróf (umferðir)	Ljósfasta (0-6)
RUTE: bómullarefni með áprentuðu köflóttu mynstri.	Má þvo í vél á 40°C.	20.000	5
VANSTA: endingargott bómullarefni með gallaáferð og hvítum saumum.	Má þvo í vél á 40°C.	20.000	5

Kíktu á vefinn IKEA.is til að fá upplýsingar um verð.
Þú getur leitað eftir vörunúmerum!